

Byggðasafn Garðskaga

Alþingi
Erindi nr. P/35/08
Mudagur 1.4.2008

Skagabraut 100 250 Garði S. 4227220 fax 4227220 GSM.8942135
Netfang gardskagi@simnet.is Heimasíða: www.sv-gardur.is

Tillaga til þingsályktunar um prófessorembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Þskj. 238 - 220. mál

Vegna bréfs sem Byggðasafn Garðskaga fékk sent fyrr í þessum mánuði frá Menntamálanefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn safnsins um tillögu til þingsályktunar um það að menntamálaráðherra hlutist til um það að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Undirritaður getur tekið undir það, að því gefnu að þetta embætti yrði til þess að styrkja og efla byggðasöfn á landinu öllu.

Í greinargerð með tillögunni kemur mjög vel fram hve byggðasöfn á Íslandi eru mikilvæg og óumdeilt er að þau eru að sinna sínu hlutverki mjög vel, þ.e. þau eru spegilmynd lífsins í landinu.

Einnig eru þau mjög sterkur hlekkur í ferðapjónustu, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og mikil lyftistöng fyrir þá staði sem búa svo vel að eiga gott byggðasafn.

Garðskaga 25. mars 2008

F.h. Byggðasafns Garðskaga

Ásgeir M. Hjálmarsson forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 135/199/
komudagur 25.3.2008

Sendandi:
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
Reykjum
530 Hvammstangi

25. mars 2008

135.löggjafarþing 2007-2008
Þskj. 238 - 220. mál

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Tillaga þessi er studd athugasemdarlaust af hálfu Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.

Ingibjörg Gestsdóttir
forstöðumaður



SKÓGASAFN
Skógar Museum

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1893
komudagur 27.3.2008

Skógum, 25. mars 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar, þingmál 220.
Sendandi: Byggðasafnið í Skógum
Sent 25. mars 2008

Stjórn Byggðasafnsins í Skógum fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stofnun prófessorsembættis við Háskóla Íslands á sviði byggðasafna og byggðafræða sem tengt verði Byggðasafninu í Skógum.

Byggðasöfnin í landinu hafa gegnt mikilvægu hlutverki við björgun og varðveislu menningararfs þjóðarinnar og sögu genginna kynslóða. Þau varðveita flest ómetanleg menningarverðmæti og heimildir af ýmsum toga sem nýtast við rannsóknir á þjóðháttum, svo og til kennslu og miðlunar fróðleiks um lifnaðarhætti og búsetuskilyrði Íslendinga í gegnum tíðina. Meginverkefni flestra byggðasafna er söfnun og varðveisla muna og minja og sýning þeirra.

Minna fer fyrir rannsóknum og útgáfustarfi þótt sum söfn hafi sinnt því nokkuð á undanfórnum árum. En sökum smæðar eru fæst þeirra í stakk búin til að stunda fræðastörf og rannsóknir svo nokkru nemi. Staða prófessors við Háskóla Íslands í byggðafræði myndi án efa styrkja stöðu byggðasafnanna í landinu og verða til þess að efla rannsóknir á sviði þjóðháttar og þjóðmenningar okkar Íslendinga.

Greinargerð:

Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum undir Eyjafjöllum, stofnað 1949, er eitt stærsta og fjölsóttasta minjasafn landsins utan Reykjavíkur, með rúmlega 40 þúsund gesti árið 2007. Það er landbúnaðarsafn, sjóminjasafn og listiðnaðarsafn, með um 12000 skráða muni, bókasafn, skjalasafn og handritasafn. Við hlið þess starfar Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga.

Árið 2002 var opnað til sýninga Samgöngusafnið í Skógum í miklu sýningarhúsi sem einn hluti af safnheildinni. Að því stóðu með Byggðasafninu Þjóðminjasafnið, Vegagerðin, Íslandspóstur og fleiri aðilar. Fjölsóttur veitingasalur og verslun eru í Samgöngusafninu. Á safnsvæðinu eru 14 endurbyggð hús, torfbær, fyrsta íbúðarhúsið úr timbri í Vestur-Skaftafellssýslu (frá 1878), barnaskóli frá 1901, kirkja m.a..

Byggðasafnið er í raun stórt, atvinnuskapandi fyrirtæki með nær 20 starfsmenn í sumarönnum. Safnið er geysimerk heimild um íslenska þjóðhætti. Sum eintök gamalla atvinnutækja er hvergi að finna nema þar. Hér er því stofnun sem hefur margvíslega

burði til þess að verða þýðingarmikið menningarsetur til rannsókna í íslenskri þjóðfræði og á íslenskum landbúnaðarháttum.

Safnstjórinn, Þórður Tómasson, hefur um áratugi safnað heimildum varðandi landbúnaðarhætti og er höfundur að spurningaskrár Þjóðminjasafnsins um forna landbúnaðarhætti. Einkasafn Þórðar Tómassonar á þessu sviði er mikið að vöxtum, bíður úrvinnslu og er enn óráðstafað. Hann er reiðubúinn til þess að afhenda það þjóðfræðasetri í Skógum ef upp yrði komið. Úrvinnsla efnis myndi fara fram í náinni samvinnu við þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins.

Þjóðháttasaga landbúnaðar á Íslandi er enn óskráð og er landbúnaður þar sýnu verr á vegi staddur en sjávarútvegur sem á hið mikla fimm binda ritverk dr. Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenzkir sjávarhættir.

Fræðasetur í Skógum.

Í Vaxtarsamningi Suðurlands sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið lagði fram árið 2006 er sett fram tillaga um að stofnað verði fræðasetur í íslenskri þjóðmenningu í tengslum við Byggðasafnið í Skógum (sjá bls. 73). Einnig hefur stjórn Byggðasafnsins í Skógum lagt til við menntamálaráðherra að hafinn verði undirbúningur að stofnun þjóðháttaseturs í Skógum og verði húsnæði Skógaskóla sem er í eigu ríkissjóðs en í umsjá safnsins nýtt undir starfsemi setursins.

Rannsóknarstaða við Háskóla Íslands á þessu sviði sem tengdist Skógasafni gæti skapað grundvöll fyrir fræðastofnun, miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði byggðasafna og byggðafræða. Skógasafni sem og öðrum byggðasöfnum landsins yrði mikill styrkur af slíkri rannsóknarmiðstöð. Þá myndi slík starfsemi skapa ný störf á svæðinu og efla samfélagið á alla lund. Hér er því einnig um mikilvægt byggðamál að ræða.

F. h. Byggðasafnsins í Skógum



Sverrir Magnússon
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/185/
komudagur 19.3.2008

Alþingi
Menntamálanefnd
Kirkjustræti
Pósthólf
150 REYKJAVÍK


Reykjanesbæ,
18. mars 2008
Tilvísun: 2008030098

Efni: Pskj 238, 220 mál, Þingsályktun um prófessorembætti á sviði byggðasafna og byggðasögu

Undirrituð fagnar hugmyndum um að efla faglega þekkingu í byggðasafnsfræðum og byggðasögu. Töluverð umræða hefur verið meðal safnamanna um þörfina á skipulögðu starfsnámi, til að efla faglega þekkingu og rannsóknir á þessu sviði. Það er löngu tímabært að taka byggðasöguna sérstaklega fyrir, mikil gróska hefur verið í byggðasögurannsóknnum en mikilvægt er að efla þær rannsóknir og taka saman þá miklu þekkingu sem býr bæði hjá byggðasöfnum landsins og meðal ýmissa fræðimanna og áhugahópa um þessa sögu. Byggðasöfn landsins spila mikilvægt hlutverk í eflingu og þróun sjálfsmýndar þeirra byggðalaga sem þau starfa í. Þau skapa auk þess mikilvægan vettvang fyrir hverskonar menningarstarf í sínu heimahéraði. Byggðasöfnin hafa starfað á Íslandi um áratugaskeið og eiga systurstofnanir víðs vegar um heiminn í formi staðbundinna safna. Hér er því um auðugt bakland að ræða fyrir slíkt embætti.

Það er vel við hæfi að heiðra Þórð Tómasson fyrir hans góða starf í þágu byggðasafna og íslenskrar menningarsögu. Hann er verðugur fulltrúi fjölda fólks um allt land sem hefur um áratugi unnið óeigingjarnt starf á byggðasöfnum landsins oft við mjög erfiðar aðstæður.

Virðingarfyllt



Sigrún Ásta Jónsdóttir
forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar

Alþingi
Erindi nr. P / 35 / 802
komudagur / 3. 3. 2008



BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
GLAUMBÆ 560 - VARMAHLÍÐ
MINJAHÚSINU AÐALGÖTU 16B, 550 - SAUÐÁRKRÓKI

Glaumbæ, 12/03/2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Innsend erindi, 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. Þskj. 238 — 220. mál.

Frá Byggðasafni Skagfirðinga

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Flm.: Árni Johnsen, Bjarni Harðarson, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Grétar Mar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu á Skógum undir Eyjafjöllum.

Umsögn:

Undirrituð tekur ekki afstöðu til prófessorsembættis frá Háskóla Íslands við Skógasafn. Hugmyndir og forsendur að baki tillögunnar þarfnast meiri skýringa.

Í greinargerð með tillögunni segir: „Mikilvægi byggðasafna á Íslandi er óumdeilt“. Sannarlega tek ég undir það. Á öðrum stað segir: „Það skiptir miklu að þau séu sett upp af alúð og tillitssemi og af mikilli vandvirkni“. Ef gengið er út frá því að byggðasöfn séu vel „upp settar“ sýningar þá skilja leiðir undirritaðrar og flutningsmanna tillögunnar á skilningi á hugtakinu byggðasafn. Sjá meðfylgjandi greinargerð um byggðasöfn.

F.h. Byggðasafns Skagfirðinga

Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri

Hvað er byggðasafn?/ss.08

Flest byggðasöfnin voru stofnuð samkv. ákvæðum Þjóðminjalaga 52/1969, sem segja (í 39. gr.): „Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn“. Þessi skilgreining hefur lítið breyst, utan 1989 (lög. nr. 88) þegar sett var í lög að byggðasöfnin gætu verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka (6.gr.).

Af um 70 minjasöfnum á landinu eru um 20 byggðasöfn. Flest eru þau landshlutabundnar stofnanir sem safna munum og heilmildum um minjar og mannlíf á afmörkuðum landssvæðum (byggðum). Þannig greina þau sig frá öðrum minjasöfnum. Byggðasafn er því ekki staður, heldur starfsemi. Eignarhaldið og opinberar skyldur eigenda þeirra skilja þau frá öðrum minjasöfnum. Byggðasöfn draga dóm af gerð sveitarfélaganna og áherslum sem sveitarfélögin setja þeim. T.d. skiptir máli hvort starfssvæðið er dreifbýlt eða þéttbýlt. Af því markast líka sérstaða þeirra.

Byggðasöfn eru ekki rekið í ágóðaskyni. Þau verða að uppfylla skyldur og störf í þágu íbúa byggðanna og fylgja stefnu sveitarfélaganna (eigendanna) jafnframt sem þau lúta opinberum reglum. Þau eiga að vera í stöðugum og góðum samskiptum við skóla, aðrar stofnanir og íbúa svæðisins, s.s. ferðapjónustuaðila sem vilja helga sig menningararfinum með einhverjum hætti. Byggðasöfn geta sett upp sýningar og kynnt menningararf byggðanna hvar sem er, út af fyrir sig eða í samstarfi við aðra, svo framarlega sem safnkostinum er ekki stefnt í hættu.

Byggðasöfn geta haft mikið gildi fyrir sveitarfélögin, ef möguleikar sem í þeim felast eru nýttir. Auk varðveislu og miðlunar menningararfs svæðanna má nýta þau til að uppfylla skyldur sem lagðar hafa verið á sveitarfélögin gagnvart minjum, minjaumhverfi og skipulagsgerð og vekja vitund íbúa byggðanna um minjaarfinn og ímynd svæðanna.

Það háir helst byggðasöfnum að eigendur þeirra spyrja oft: Hvernig getum við grætt á þeim? Í stað þess að spyrja: Hver erum við? Það háir líka starfsemi byggðasafnanna að fólk áttar sig ekki alltaf á mismuninum á byggðasafni og minjasafni sem rekið er af öðrum en sveitarfélögunum. Það geta verið talsvert ólíkar væntingar og ólík viðhorf sem ráða för; stefnu, markmiðum og leiðum safnanna eftir því hver á þau.

Fæstir veita breytingum á safnastarfsemi athygli, nema hún blasi við í formi sýninga. Sýningar eru þau tæki sem almenningur hefur til að fella dóm um viðkomandi stofnun. Þær geta þó verið ærið margslungnar og frábrugðnar hverri annarri og settar fram í mismunandi tilgangi. Eins og staðan er í dag keppa rötgróin söfn, eins og byggðasöfnin, við önnur minjasöfn/sérsöfn, setur og sérsýningar í gerð sýninga, á meðan þau sinna einnig öðrum skyldum. Breytt umhverfi í minjavörslunni hefur skipt máli. Minjaumhverfið er í auknum mæli ferðapjónustu- og einkavæðast og allir lenda í sama kapphlaupinu um opinbera styrki. Hafi tekist að koma á samvinnu um sýningar, söfnun, varðveislu og rannsóknir eða til að efla menningartengda ferðapjónustu er það oftast fyrir frumkvæði starfsfólks safnanna heldur en frumkvæði eigendann því sveitarfélögin hafa lítið verið hvött til að nota söfnin í nútíma- og ferðapjónustuvæðingunni. Afstaða til þeirra hefur raunar, því miður, fremur borið vott um vanþekkingu á hlutverkum þeirra og vantrú á getu þeirra.

Ef prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða við Skógaskóla myndi auka vitund um sögu byggðanna og yki væntingar til byggðasafna, væri vel af stað farið.

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2008
komudagur 3.4.2008


Akureyri 3. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1929
komudagur 28.3.2008



Menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2008

Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga er varðar þingsályktunartillögu um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál. um

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst bréf frá Menntamálanefnd Alþingis dagsett 4. mars 2008 þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um þingsályktunartillögu um prófessorembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.

FÍN gerir ekki athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Marianna H. Helgadóttir, framkvæmdastjóri FÍN

Alþingi
Erindi nr. P 135/1892
komudagur. 27.3.2008

Til Alþingis,

Reykjavík 26. mars 2008

**Umsögn Félags íslenskra safnafræðinga um tillögu til þingsályktunar um
prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál, þskj. 238**

Félag íslenskra safnafræðinga er fagfélag háskólamenntaðra safnafræðinga og hefur sem slíkt tekið virkan þátt í starfi *Starfshóps félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði*. Starfshópurinn er einnig skipaður fulltrúum höfuðsafnanna þriggja, Safnaráði, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Félagi íslenskra safna og safnmanna.

Safnafræði (e. Museology) er ört vaxandi fræðigrein sem hefur verið kennd undanfarna áratugi við virta háskóla erlendis. Mikilvægt er að komið verði á meistaranámi í safnafræði hérlendis enda er aukin fagmenntun íslenskra safnmanna forsenda þess efla megi faglegt safnastarf á Íslandi.

Félagið styður hugmyndir að eflingu menntunar á sviði safnafræða við Háskóla Íslandi og að boðið verði upp á vandað meistaranám í safnafræði sem standist samanburð við safnafræðinám við erlenda háskóla. Það er mat Félags íslenskra safnafræðinga að hugmynd um byggðasafna- og byggðafræði falli vel undir áform starfshóps félagsvísindadeildar að koma á meistaranámi í safnafræði.

Fyrir hönd Félags íslenskra safnafræðinga.



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
formaður

Flyðrugrandi 20
107 Reykjavík

fs. 8441035

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1891
komudagur 27.3.2008



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfasími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 26. mars 2008
Tilvísun: Fvr 2008030028 IKHS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræði.

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða. Fornleifavernd ríkisins fagnar fyrir sitt leyti hugmynd um að stofna til prófessorsembættis sem yrði tengt nafni Þórðar Tómassonar í Skógum og yrði honum til heiðurs. Þórður hefur unnið þrekvirki við uppbyggingu safna á landsbyggðinni en einnig á sviði þjóðháttasöfnunar og miðlun upplýsinga um fornleifar og varðveislu þeirra. Fornleifavernd ríkisins vonast til þess að með slíku embætti eflist rannsóknir á gripum og fornu verklagi.

Virðingarfyllt


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2134
komudagur 10.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2008

Efni: Tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál og tillaga til þingsályktunar um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson, 221. mál.

Háskóla Íslands hafa borist framangreindar þingsályktanir til umsagnar.

Tekið er eindregið undir mikilvægi þeirra málefna sem tillögurnar taka til og að Háskólanum verði gert kleift að efna til þessara starfa prófessora til að stuðla að enn frekara fræðastarfi á þessum sviðum menntunar, menningar og sögu þjóðarinnar.

Leitað var sjónarmiða sagnfræði- og fornleifafræðiskorar hugvísindadeildar um tillöguna um prófessorsstarfið á sviði byggðasafna og byggðafræða. Skorin telur fulla ástæðu til að efla kennslu og rannsóknir á sviði byggðafræða og byggðasafna við Háskóla Íslands og telur vel til fundið að sérstakt prófessorsstarf verði stofnað vegna þessa. Skorin telur sjálfsagt að taka við slíku starfi en leggur áherslu á að því yrði að fylgja sérstök fjárveiting frá Alþingi.

Um prófessorsstarf kennt við Jónas Hallgrímsson var leitað sjónarmiða íslenskuskorar hugvísindadeildar sem tekur undir það að full ástæða er til að Háskóli Íslands heiðri minningu Jónasar Hallgrímssonar og haldi henni á lofti. Skorin telur vel til fundið að sérstakt prófessorsstarf verði kennt við Jónas, enda stuðla öflugar rannsóknir á íslenskri tungu og ljóðlist öðru fremur að því að markmiðum tillögunnar verði náð. Skorin lýsir sig fúsa til að taka við slíku starfi en leggur áherslu á að því yrði að fylgja sérstök fjárveiting frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. háskólarektors

Þórunn Kristinsson
Sviðsstjóri kennslusviðs



Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1895
komudagur 27.3.2008

Reykjavík, 26. mars 2008
2008030008
043

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Pingsályktunartillaga um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.
Umsögn.

Óskað er umsagnar um ***pingsályktunartillögu um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál,***

Í pingsályktunartillögunni er lagt til að prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða verði sett á stofn við Háskóla Íslands og verði tengt Byggðasafninu í Skógum undir Eyjafjöllum.


Bent skal á að á undanförunum árum hefur *safnafræði* verið kennd við þjóðfræðiskor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. *Safnafræði (museologi)* er fræðigrein sem fjallar um söfn af öllu tagi og eru byggðasöfn meðal þeirra safna sem safnafræði fjallar um. Það er því ekki ástæða til að stofna sérstakt prófessorsembætti á sviði byggðasafna, frekar en einhverja aðra einstaka gerð safna.

Unnið er að því að byggja upp kennslu í safnafræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og er starfandi samstarfshópur félagsvísindadeildar sem í eiga sæti fulltrúar höfuðsafnanna, Safnaráði, safna Reykjavíkurborgar, Félags íslenskra safna og safnmanna og Félags íslenskra safnafræðinga. Hefur hópurinn unnið tilögu að skipulagi slíks náms og kynnt yfirvöldum safnamála og háskólaráði Háskóla Íslands. Hafa tillögurnar hlotið góðar undirtektir enda flestir sammála því að mikilvægt er að koma á námi í safnafræðum á Íslandi, en ekki hefur tekist að fjármagna námsbraut í safnafræðum til þessa. Því er bent á að ef Alþingi vill hlutast til að koma á fót námi í safnafræðum væri nær að stuðla að því unnt verið að stofnan til meistaránáms í safnafræðum við Háskóla Íslands, sem þegar er hafinn undirbúningur að. Með því yrði unnið markvisst að því að efla menntun þeirra sem starfa á söfnum á Íslandi og byggja upp þekkingu í safnafræðum, sem mikil þörf er á.

Varðandi það að tengja prófessorsembætti einu safni, Byggðasafninu að Skógum, skal bent á að það hlýtur að vera ákvörðun þess háskóla sem annast kennslu í safnafræðum að að efna til

samstarfs við söfn á öllum sviðum safnastarfs, minja- lista og náttúrufræðisöfn, og leita þá til þeirra safna sem hafa faglega burði til að taka að sér þjálfun og kennslu nema í safnafræðum. Má hér benda á það að helstu söfn landsins eru í Reykjavík, þar á meðal höfuðsöfnin Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúrufræðisafn Íslands og söfn Reykjavíkurborgar, en á þessum söfnum starfa sérfræðingar á öllum sviðum safnastarfs.

Virðingarfyllt



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI MUSEUM



Alþingi
Erindi nr. P 135/1852
komudagur 19.3.2008

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi, 150 Reykjavík.

18. mars 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, þingskjal 238. mál no. 220.

Tekið er undir meginefni tillögunnar, að aukið verði verulega við framboð náms í safnafræðum hér á landi. Boðið verði upp á grunnám og framhaldsnám í safnafræðum (museologi) sambærilegt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum, þar sem slíkt nám er í boði, og aðlagð að íslenskum aðstæðum.

Tengingin við Byggðasafnið í Skógum þýðir væntanlega að fyrirhuguð staða prófessors sé einkum hugsuð til að gagnast þeim söfnum sem starfa innan ramma þjóðminjalaga. Menningarsögulegum söfnum hefur vissulega vaxið mikið fiskur um hrygg á síðustu áratugum. Mikill vöxtur í safnageiranum kallar á meiri menntun sem eykur fagmennsku í rekstri og uppbyggingu safna. Vafalaust yrði meira námsframboði í safnafræði vel tekið.

Virðingarfyllst,


safnstjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1992
komudagur 3.4.2008

Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndaritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. apríl 2008
2008030004/42-1-3
JGO/jgo

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktuartillögu um prófessorsembætti, 220. mál

Vísað er til bréfs menntamálanefndar, dags. 4. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða (220. mál).

Náttúrufræðistofnun er samræða þeirri skoðun flutningsmanna tillögunnar að byggðasöfnin séu mikilvæg fyrir þekkingu landsmanna á lífinu í landinu og varðveislu menningararfsins. Og að miklu skipti að þau séu sett upp af alúð og tillitsemi og af mikilli vandvirkni. Byggðasöfn landsins eiga við margvíslegan vanda að stríða er lýtur að varðveislu og skráningu muna, uppsetningu sýninga og fræðslu. Rannsóknir á vegum safnanna eru mjög takmarkaðar og af þeim sökum rísa mörg þeirra ekki undir því að kallast söfn skv. skilgreiningu hugtaksins í safnalögum (nr. 106/2001). Náttúrufræðistofnun telur þess vegna brýnna að styrkja byggðasöfnin fjárhagslega og styrkja tengsl þeirra við höfuðsafnið og rannsóknastofnanir á þeirra vettvangi, en að búa til prófessorsembætti í Háskóla Íslands tengt Byggðasafninu á Skógum. Jafnframt ætti að efla kennslu í safnafræðum við Háskóla Íslands í samræmi við álit Safnaráðs. Stofnunin getur því ekki mælt með samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/1894
komudagur 27.3.2008

safnaráð

Til Alþingis

Umsögn um þingsályktunartillögu um
prófessorsembætti á sviði byggðasafna
og byggðafræða,

þskj. 238, 220. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008

the museum
council
of iceland

laufásvegi 12
101 reykjavík
sími: 515 9605
fax: 515 9601

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

Safnaráð starfar skv. safnalögum nr. 106/2001 og er skv. lögnum samráðsvettvangur safna og úthlutar styrkjum úr Safnasjóði.

Á 69. Safnaráðsfundi þann 13. mars 2008 fjallaði ráðið um þingsályktunartillögu um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða (þskj. 238, 220. mál á Alþingi).

Ráðið bendir á að starfshópur félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um uppbyggingu vandaðs meistaranáms í safnafræði við háskólann hefur starfað að uppbyggingu slíks náms frá sumarbyrjun 2006. Fræði á sviði byggðasafna og byggða geta sannarlega talist hluti af safnafræði, fræðigreini sem hefur verið kennd undanfarin ár við fjölda virtra háskóla erlendis. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá höfuðsöfnum, Safnaráði, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og fagfélögum (Félag íslenskra safna og safnmanna og Félag íslenskra safnafræðinga). Hefur starfshópurinn bent á þörfina á slíku námi hérlandis og lagt fram hugmyndir að skipulagi námsins, sem háskólaráð hefur samþykkt með fyrirvara um að stofnkostnaður komi frá öðrum aðilum en háskólanum.

Enn hefur ekki tekist að fjármagna stofnun námsins, en starfshópurinn hefur leitað stuðnings víða, meðal annars með umsókn til fjárlaganefndar dags. 13. október 2006 (sjá meðfylgjandi afrit af umsókn til fjárlaganefndar).

Safnaráð styður hugmyndir að eflingu menntunar á sviði safnafræða við Háskóla Íslands og að boðið verði upp á vandað nám í safnafræði þar, í samræmi við tillögur starfshópsins.

Ekki er tekin afstaða til hugmynda um að tengja stofnun prófessorsembættis við ákveðið safn.

Virðingarfyllst,
f.h. Safnaráðs,


Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10A
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2006
Tilvísun: 061013fjarln

Efni: Ósk um styrk frá fjárlaganefnd til uppbyggingar safnafræðináms við Háskóla Íslands.

Háttvirt fjárlaganefnd.

Starfshópur um uppbyggingu safnafræðináms við Háskóla Íslands, skipaður af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, samþykkti á fundi sínum þann 12. september 2006 að óska eftir styrk frá fjárlaganefnd til uppbyggingar námsins. Í starfshópnum sitja, auk fulltrúa félagsvísindadeildar, fulltrúar Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Safnaráðs, Félags íslenskra safna og safnmanna, Félags íslenskra safnafræðinga og borgarminjavörður Reykjavíkurborgar.

Með sífelldum framförum í samgöngum og samskiptum þjóða á milli hefur verið lögð aukin áhersla á vandaða varðveislu þeirra verðmæta sem felast í séreinkennum og arfi þjóða og einnig á faglegar og árangursríkar aðferðir við miðlun þessara verðmæta. Safnafræði (Museology/Museum Studies) er nýleg fræðigrein, sem spröttin er af þessum áherslum.

Safnafræði er nú kennd við háskóla víða um heim og er námið í sífelldri þróun í takt við hraðar breytingar á tæknilegum og hugmyndalegum áherslum við söfnun, varðveislu, forvörslu, rannsóknir og miðlun menningar- og náttúruarfs. Námið veitir heildstæða þekkingu og skilning á innihaldi og mikilvægi þeirra séreinkenna og verðmæta, menningarlegra og náttúrulegra, sem samfélaginu eru sameiginleg, jafnt sem faglegri meðferð og kynningu þessara verðmæta á ýmsum sviðum.

Flest íslensk söfn eru bæði falið og smá og safnmenn einyrkjar í faglegri einangrun. Kannanir hafa sýnt að íslenskir safnmenn hafa iðulega menntun á því sviði sem viðkomandi safn fjallar um, en skortir faglega þekkingu á hinum lögbundnu hlutverkum safna, sem eru skv. 4. gr. safnalaga nr. 106/2001 skipulögð söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun á menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar. Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í júní 2003, er ljósum beint að hinni brýnu þörf á sérhæfðri menntun á sviði varðveislu, meðhöndlunar og miðlunar menningar- og náttúruarfs.

Nám í safnafræði nýtist ekki eingöngu safnmönnum, heldur öllum þeim sem starfa á einhvern hátt að varðveislu, rannsóknum og/eða miðlun á menningar- og náttúruarfi, jafnt sem stefnumótun á því sviði. Aukin fagleg og sérhæfð menntun í vandaðri meðferð og miðlun hins séríslenska menningar- og náttúruarfs mun verða samfélaginu öllu til velfarnaðar og hagnaðar um ókomin ár. Án vafa mun aukin menntun og meðvitund á þessu sviði stuðla að arðbærri nýsköpun á ýmsum sviðum íslensks þjóðfélags, svo sem í ferðamennsku, listgreinum, iðnhönnun og á fleiri sviðum. Í *Ferðamálaáætlun 2006-2015* sem unnin var að frumkvæði samgönguráðherra, kemur ljóslega fram það mikla vægi sem hinn íslenski náttúru- og menningarfur hefur í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Varðveisla og miðlun hinna séríslensku einkenna er augljóst hagsmunamál landsins alls, ekki síst landsbyggðarinnar, en mikil gróska er í íslensku safnastarfi um allt land til að mæta aukinni sókn ferðamanna til landsins og þörfinni á varðveislu og miðlun hinna séríslensku einkenna til þessa hóps ekki síður en til landsmanna. Þarna takast í hendur tvenns konar markmið, annars vegar verndun, varðveisla og miðlun okkar sameiginlega arfs í þágu viðhalds og uppbyggingar eigin samfélags og hins vegar kynning þessa arfs út á við til að undirstrika fjölbreytileika og sérkenni þjóða. Markmiðin stuðla sameiginlega að velfarnaði íslensks samfélags, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Víða um land hafa sprottið upp ný söfn, setur og sýningar og verður þörfin á faglegum aðferðum sífellt meiri. Þar sem endurmenntun íslenskra safnmanna er augljóst hagsmunamál landsbyggðarinnar vill

Starfshópurinn stuðla að því að unnið verði að metnaðarfullri uppbyggingu námsins á landsvísu. Boðið verði því upp á fjárnám í safnafræði í samvinnu við fjarvinnslustöðvar HÍ og söfn á landsbyggðinni.

Starfshópurinn lítur á uppbyggingu meistaranám í safnafræði við HÍ sem mikið hagsmunamál landsmanna allra og stórt skref í þá átt að tryggja vandaða og faglega varðveislu, meðhöndlun og miðlun menningar- og náttúruarfs Íslendinga, samfélaginu öllu til velfarnaðar og uppbyggingar.

Starfshópurinn óskar eftir því að fjárlaganefnd styrki uppbyggingu faglegs náms í safnafræði um 5 milljónir á ári til næstu fjögurra ára, sem samsvarar einni lektorstöðu til fjögurra ára. Forsendur þess að Háskóli Íslands og höfuðsöfnin megni að yta úr vör markvissu og metnaðarfullu fagnámi eru að til komi utanaðkomandi fjármagn fyrstu fjögur árin. Framlag félagsvísindadeildar mun felast í skrifstofu fyrir lektor, kennsluáðstöðu, búnaði, rannsóknarfé og stoðþjónustu. Að fjórum árum liðnum má gera ráð fyrir því að námsgreinin muni standa undir sér en safnafræðideildin mun þá fá nægilegt fjármagn fyrir þreyttar einingar til að framfleyta sér í samræmi við reglur HÍ.

Meðfylgjandi er greinargerð um safnafræði og hið fyrirhugaða nám.

Með vinsemd og virðingu,

Terry Gunnell,
dósent í þjóðfræði við HÍ og
fulltrúi í starfshópi um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við HÍ

Greinargerð um safnafræðinám við Háskóla Íslands

Starfshópur félagsvísindadeildar HÍ um uppbyggingu safnafræðináms á meistarastigi

Að frumkvæði Terrys Gunnells dósents við Háskóla Íslands hefur Ólafur Þ. Harðarson deildarforseti félagsvísindadeildar HÍ í samráði við Safnaráð hlutast til um að koma á fót starfshópi um uppbyggingu safnafræðideildar við HÍ. (Sjá *fylgiskjal 1*) Sameiginleg uppbygging höfuðsafna og Háskóla Íslands á meistaranámi í safnafræði samræmist tillögum sem fram komu í skýrslu menntamálaráðuneytis frá árinu 2003, *Safnastefna á sviði Þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008*. Í Safnastefnunni er hvatt til þess að minjasöfnin hafi frumkvæði að viðræðum við forsvarsaðila HÍ um að koma á fót námi sniðnu að þörfum minjasafna.¹ Einnig samræmist uppbygging slíks náms lögbundnu hlutverki Háskóla Íslands sem er að „... vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Háskóli Íslands skal einnig sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar,....“²

Eftirfarandi sitja í starfshópnum sem fyrst kom saman í sumarbyrjun 2006:

Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs, formaður starfshópsins
Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands
Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands
Hrefna Róbertsdóttir, sviðsstjóri rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns Íslands
Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Karl Rúnar Þórsson, formaður Félags íslenskra safna og safnamanna
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, formaður Félags íslenskra safnafræðinga
Guðbrandur Benediktsson, deildarstjóri miðlunar á Minjasafni Reykjavíkur, sem sinnt hefur kennslu í safnafræði við HÍ.

Niðurstaða starfshópsins

Starfshópurinn lítur á uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við HÍ sem mikið hagsmunamál íslenskra safna og mikilvægt skref í þá átt að efla allt safnastarf í landinu.

Starfshópurinn telur einsýnt að bætt fagmenntun íslenskra safnmanna muni stuðla að aukinni fagmennsku í störfum þeirra og tryggja vandaða varðveislu og miðlun menningar- og náttúruarfs Íslendinga. Um leið má gera ráð fyrir að bætt fagmenntun auki möguleika og getu til

- að skapa heildræna stefnu í vörslu og miðlun menningararfsins
- að taka þátt í eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu
- að efla samstarf við innlendar og erlendar mennta- og menningarstofnanir

Fjárstuðningur frá fjárlaganefnd Alþingis

¹ Menntamálaráðuneytið (2003): *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003 – 2008*. Menntamálaráðuneytið: Rit 5. s. 12.

² 1. grein laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

Forsendur þess að Háskóli Íslands og höfuðsöfnin megni að ýta úr vör markvissu og metnaðarfullu fagnámi eru að til komi utanaðkomandi fjármagn fyrstu fjögur árin. Aukin fagmennska og fagþekking íslenskra safnamanna muni efla og bæta varðveislu, rannsóknir og miðlun hins íslenska náttúru- og menningararfs og gera safnamenn og aðra sem starfa á sviði menningar- og náttúruarfs hæfari til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem fram undan eru til eflingar menningartengdrar ferðaþjónustu um allt land. Með vísun í *Ferðamálaáætlun 2006-2015* og það mikla vægi sem hinn íslenski náttúru- og menningarfur hefur þar í uppbyggingu ferðaþjónustu og varðveislu, rannsóknum og miðlun hinna séríslensku einkenna, þá samþykkti starfshópurinn að leita til fjárlaganefndar um fjárstuðning í slíku hagsmunamáli allrar íslensku þjóðarinnar, sem stuðla mun án vafa að nýsköpun á ýmsum sviðum samfélagsins, tengdri hinum séríslensku einkennum.

Sótt er um *5 milljón króna fjárstyrk á ári, samfellt í fjögur ár* en sú upphæð samsvarar kostnaði einnar lektorsstöðu. Framlag félagsvísindadeildar mun felast í skrifstofu fyrir lektor, kennsluáðstöðu, búnaði, rannsóknarfé og stoðþjónustu. Í áætlunum starfshópsins er gert ráð fyrir að kennsla hefjist í safnafræði á meistarastigi haustið 2007 og að lektor taki til starfa *í síðasta lagi 1. janúar 2007* enda er framundan mikið starf ekki eingöngu við uppbyggingu og skipulagningu námsins heldur og við gerð samstarfssamninga við þau fjölmörgu söfn og stofnanir sem þar munu koma að. Fulltrúar höfuðsafnanna, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands, lýsa þegar yfir vilja sínum til stuðnings við uppbyggingu námsins, samkvæmt samningi við Háskóla Íslands. Sá stuðningar gæti til að mynda verið með því formi að söfnin útveguðu sérfræðinga til stundakennslu og kennsluáðstöðu.

Þegar nemendur ljúka námskeiðum / verkefnum / ritgerðum fær safnafræðideildin greitt í samræmi við reglur HÍ um þreyttar einingar. Áætlað er að nemendur hins nýja náms ljúki fyrstu prófum í desember 2007.

Starfshópurinn telur umfang þess uppbyggingarstarfs sem fram undan er svo og stjórnun, umsjón og kennsla námsins vera meira en sem nemi starfsskyldum eins lektors og áætla að leita jafnframt fjárstuðnings frá öðrum aðilum. Í *fylgiskjali 2* er gerð grein fyrir áætlaðri lágmarks kennsluþörf í safnafræðideild á árunum 2007-2010.

Samráð og samstarf

Í safnalögum er fjallað um þrjú svið safnastarfs: menningarminjasöfn, listasöfn og náttúruminjasöfn. Nokkuð löng hefð er fyrir samstarfi og leiðbeiningarhlutverki Þjóðminjasafns Íslands gagnvart öðrum söfnum á sviði menningarminja. Minni hefð er fyrir slíkri tengingu á sviði listminja og náttúruminja en mikilvægt er að hugað sé að eflingu allra sviðanna um leið og samvinna milli þeirra verður aukin. Starfshópurinn bindur miklar vonir við að nám í safnafræði verði hvati aukins samstarfs og stuðli að eflingu rannsókna og framþróunar innan og á milli hinna þriggja meiða sem safnastarf byggir á. Því er mikilvægt að höfuðsöfnin og aðrar stofnanir er starfa á sviði safnamála komi að uppbyggingu námsins og styðji með ráð og dáð við kennsluna, taki á móti nemum í starfsnám, leggi til sérfræðinga og skapi möguleg rannsóknarverkefni við hæfi. Þannig miða tillögur starfshópsins við að safnafræðideild verði hýst í félagsvísindadeild HÍ en að hugvísindadeild og raunvísindadeild eigi hlutdeild í náminu og skipi m.a. fulltrúa í námsnefnd. Í námsnefnd safnafræðinnar er gert ráð fyrir að, auk fulltrúa hinna þriggja nefndra deilda, sitji lektor í safnafræði, fulltrúar höfuðsafna, fulltrúi Safnaráðs og fulltrúi nemenda.

Menntun íslenskra safnmanna – núverandi aðstæður

Fjölmargar stofnanir og aðilar sem koma að málefnum safna á landsvísu hafa bent á fremur bágborið ástand á málefnum safna að ýmsu leyti á Ísland.³ Jákvæð og mikilvæg uppbygging hefur átt sér stað á mörgum stærri safnanna en eftir stendur að flest íslensk söfn eru faliðuð og smá og safnmenn því oft einyrkjar í faglegru og félagslegri einangrun.⁴ Þó íslenskir safnmenn hafi oft á tíðum háskólamenntun á því fræðasviði sem söfn þeirra starfa á,⁵ þá skortir oftast en ekki sérþekkingu á hinum lögbundnu hlutverkum safna, sem eru vönduð söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun menningar- og náttúruarfs íslensku þjóðarinnar.

Endurmenntun safnmanna hér á landi hefur hingað til aðallega verið í formi stakra námskeiða og fyrirlestra um safnamál. Líta má á árlegan Farskóla safnmanna, sem Félag íslenskra safna og safnmanna stendur að, sem árlega endurmenntun safnmanna, en á Farskólanum eru flutt ýmis erindi um safnamál. Félagið hefur jafnframt staðið árlega fyrir endurmenntunarnámskeiði um afmörkuð viðfangsefni í safnastarfi í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Auk þessa mætti nefna ýmsa fyrirlestra, málþing, málstofur, ráðstefnur og námskeið sem snúa að málefnum safna, sem ýmsir aðilar, s.s. höfuðsöfnin, Safnaráð og fleiri hafa staðið fyrir. Háskóli Íslands hefur jafnframt boðið upp á 30 eininga safnafræðinám á BA stigi undanfarin ár. Þrátt fyrir að í öllum tilfellum sé um að ræða jákvætt framtak er enn, eins og fram kemur í *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu*, skortur á sérhæfðri grunnmenntun og endurmenntun á háskólastigi fyrir starfsfólk safna, en þar segir: “*brýnt er að þar verði bætt úr með skipulögðum og markvissum hætti á komandi misserum og árum*”⁶ Undir þetta sjónarmið er tekið í verklagsreglum Safnaráðs þar sem eitt af markmiðum ráðsins er að efla menntun safnafólks og finna leiðir til menntunar.⁷

Vegna vöntunar á sérhæfðri menntun á sviði safnamála hafa heildrænar rannsóknir á því sviði verið afar takmarkaðar. Mikilvægt er, í samstarfi við menntastofnanir í landinu, að ýtt sé undir nýsköpun og framþróun á sviði safnamála og menningar- og náttúruarfs með viðtækum rannsóknum á þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi og tillögum um hvert beri að stefna.

Samantekið má fullyrða að í dag sé mikil þörf á að auka sérhæfða menntun þeirra sem starfa við söfnun, varðveislu, rannsóknir og miðlun menningar- og náttúruarfs á Íslandi.

Safnafræði (e. museology/museum studies)

³ Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu. Hvert stefnum við? Skýrsla farskólanefndar um Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna á Sigulfirði dagana 21. – 23. september 2005 þar sem fjallað var um framtíð safna. (Ritstj.) Sigríður Sigurðarsdóttir: www.safnmenn.is/Farskoli2005. Þar er hvatt til þess að unnið verði eftir Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu og að samskonar stefnumörkun verði gerð fyrir listasöfn og náttúruvísindasöfn. Listasafn Íslands hefur unnið stefnumótun fyrir safnið og stefnir að gerð heildarstefnu fyrir listasöfn í landinu.

⁴ Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu, s. 16. Gísli Sverrir Arnason. (2005): *Kortlagning safnaþróunar á Íslandi síðastliðin 20 ár, fjölgun safna og sýninga og tengsl safna og menningartengdrar ferðaþjónustu*: Fyrirlestur haldinn á 22. september 2005 á Farskóla.

⁵ Ársskýrsla Safnaráðs 2004. (2005). s. 12. Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu, s. 16.

⁶ Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, bls. 17. Þess ber að geta að boðið hefur verið upp á margvíslega endurmenntun fyrir íslenska safnmenn. Að þeirri fræðslu hafa bæði komið íslenskir sérfræðingar og erlendir. Hér má nefna Farskóla FÍSOS sem haldinn er á hverju hausti svo og endurmenntunarnámskeið FÍSOS sem síðustu fjögur árin hafa verið haldinn í samstarfi við EHI. Þegar hér er rætt um endurmenntun safnamanna er átt við heildstæða og formlega menntun við háskóla sem lýkur með háskólagráðu.

⁷ *Verklagsreglur safnaráðs 2003-2005. Samþykktar á fundi safnaráðs 30. janúar 2003. Framlengdar tímabundið á fundi Safnaráðs 16. febrúar 2006*: www.safnarad.is

Skortur á sérhæfðri þekkingu í meðhöndlun menningar- og náttúruarfs er ekki séríslenskt fyrirbrigði og víða um lönd hefur vandinn verið leystur með eflingu safnafræðináms. Safnafræði (e: museology) er vaxandi fræðigrein en hefur þó verið kennd um áratugaskeið. Þekktar safnafræðideildir eru meðal annars við háskólann í Leicester á Englandi⁸ og Reinwardt akademíuna í Amsterdam,⁹ en fræðin eru nú kennd víða um heim, í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og víðar.¹⁰ Við samningu þessarar greinargerðar hefur nokkuð verið litið til uppbyggingar safnafræðináms í Leicester en einnig til Harvard háskóla,¹¹ háskólans í Gautaborg,¹² og háskólans í Osló¹³ þar sem fræðin eru kennd á metnaðarfullan hátt. Í tveimur síðastnefndu háskólunum er fyrirmyndin sótt til námsins í Leicester.

Viðfangsefni safnafræðinnar er varðveisla og miðlun menningararfsins í sinni víðtækustu mynd þar sem fræðileg vinnubrögð, rannsóknir og kenningar eru samtvinnuðar daglegum störfum á söfnum. Safnafræðin veitir yfirsýn, þekkingu og skilning á öllum þáttum safnastarfs svo og á hlutverki safna í samfélaginu. Einnig fæst safnafræðin við skoðun þeirra aflu sem eru að verki við varðveislu og nýtingu menningararfsins.

Safnafræðin fjallar jafnt um öll söfn, hvort sem viðfangsefni þeirra eru náttúruminjar, listir eða menningarminjar. Um leið og skoðað er hvað er sameiginlegt með öllum tegundum safna þá er skoðað ítarlega hvað skilur á milli þeirra í faglegri nálgun og fræðilegum bakgrunni.¹⁴ Hinn fjölbreytilegi fræðilegi bakgrunnur nemanna er liður í safnafræðináminu sjálfu enda er hann mikilvæg forsenda þess að frjóar umræður skapist meðal nemanna og stuðlar að viðsýni þeirra og auknum skilningi á fjölbreytileika safnastarfs og menningararfsins. Oftast stýrir grunnmenntunin vali einstaklingsins á verkefnum og ritgerðarefni, eðli starfsnámsins og innihaldi valnámskeiða og stendur jafnframt fyrir þeirri fagþekkingu sem er nauðsynlegur undirbúningur fyrir sérhæfð störf á söfnum. Þannig starfa listfræðingar á listasöfnum, jarðfræðingar á náttúruminjasöfnum og þjóðfræðingar á minjasöfnum, til að nefna nokkur augljós dæmi.

Frá haustinu 2001 hefur safnafræði verið kennd sem 30 e aukagrein á BA stigi við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Kjarni þess náms er 5 e. inngangsnámskeið í safnafræði og 5 eininga einstaklingsverkefni. Það nám hefur ekki getað mætt þörfum safnanna fyrir faglærða starfsmenn né verið sambærilegt við safnafræðináms við erlenda háskóla. Þó er mikilvægt að taka fram að 30 eininga námið hefur skapað mikilvægan grunn fyrir vinnu þessa starfshóps, sem byggir að miklu leyti á því frumkvæði, þekkingu, reynslu og samvinnu sem þar hefur þegar skapast.¹⁵

⁸ The Department of Museum studies, University of Leicester: www.le.ac.uk/ms/

⁹ Reinwardt Academie, Faculty of Museology: www.rwa.ahk.nl/home.jsp

¹⁰ Sjá til að mynda vefsíður Harvard University: <http://www.dce.harvard.edu/extension/museum/>; University of Washington: <http://www.museum.washington.edu/museum/>; New York University: <http://www.nyu.edu/fas/program/museumstudies/>; University of Toronto, Kanada: <http://www.utoronto.ca/museum/>.

¹¹ Harvard University: <http://www.dce.harvard.edu/extension/museum/>

¹² Göteborgs universitet, Museion: www.museion.gu.se/Museumstudies/

¹³ Universitetet i Oslo, Museums kunnskap: www.uio.no/studier/emner/hf/kos/MUSKUN2000/

¹⁴ Högskoleverket. (2004). Utvärdering av ämnena arkivvetenskap, biblioteks- och informationsvetenskap, bok- och bibliotekshistoria, informations- och medievetenskap, kulturvård och museologi vid svenska universitet och högskolor. Högskoleverkets rapportserie 2004:27 R:

<http://web2.hsv.se/publikationer/rapporter/regeringsuppdrag/2004/0427R.pdf>

ICOMFOM, ICOMs International Committee for Museology: www.icom.museum/international/icomfom.html

¹⁵ Háskóli Íslands, mannfræði- og þjóðfræðiskor: www.hi.is~terry/museology

Tillaga starfshópsins að skipulagi safnafræðináms við HÍ

Við uppbyggingu námsins verði horft til erlendra fyrirmynda þar sem verklegir og fræðilegir þættir eru markvisst notaðir til þess auka skilning nemenda á öllum þáttum hefðbundins safnastarfs og samþáttun fræðilegra vinnubragða, rannsókna og kenninga. Áhersla verði lögð á að gefa nemendum kost á að kynnast ítarlega íslensku safnastarfi og jafnframt að fylgjast með því sem hæst ber erlendis. Heimsóknir á söfn og menningarstofnanir eru mikilvægur þáttur í náminu svo og þátttaka nemenda í ráðstefnum og fyrirlestrum sem tengjast söfnum og safnafræði. Kappkostað verði að fá innlenda og erlenda sérfræðinga til að koma að kennslu.

Helstu markmið með uppbyggingu safnafræðináms á meistarastigi eru

<p>að mennta hæft fólk í störf tengdum varðveislu, miðlun og stjórnun menningararfsins að gefa íslenskum safnmönnum kost á endurmenntun að skapa samstarfsvettvang fyrir HÍ og söfnin í landinu að skapa forsendur fyrir samstarf safna og annarra mennta-og menningastofnana að skapa miðstöð rannsókna safna og safnafræða að örva rannsóknir og rannsóknarhæfni safna og safnmanna að efla heildrænt skipulag íslensks safnastarfs að stuðla að upplýstri og árangursríkri stefnumótun um skipulag safnamála í landinu</p>

Tvær námsleiðir verði í boði (sjá nánari lýsingar í fylgiskjölum 2 og 3)

Diplóma í hagnýtri safnafræði, 15 e.

Hagnýt safnafræði hentar fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu.

Námið byggist upp á 15 e. *skyldunámskeið* og að því loknu er möguleiki á að halda áfram og útskrifast með meistaragráðu.

Meistaránám í safnafræði, 60 e.

Meistaránám hentar fólki sem starfar eða vill starfa við varðveislu og miðlun menningararfsins og hefur lokið grunnháskólagráðu á einhverju sviði.

Um er að ræða 15 e *skyldunámskeið*, 5 e. einstaklings- eða hópverkefni, 5 e. í bundnu vali, 5-10 e. valnámskeið, 10-15 e *starfsnám á safni með rannsóknarverkefni* og 15 e. *rannsóknarritgerð*.

Fjarnám

Til að auðvelda íslenskum safnamönnum og fólki á landsbyggðinni aðgang að náminu, verði, í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ, boðið upp á fjarkennslu í safnafræði á MA- stigi. Fjarnámið verði byggt upp í mikilli samvinnu við valin byggðasöfn og símenntunarstöðvar Háskóla Íslands í hverjum landshluta (9 á landinu í dag á Akureyri, Ísafirði, Selfossi, Akranesi, Vestmannaeyjum, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Keflavík og Húsavík, auk útibúa). Áhersla verði lögð á að söfn á landsbyggðinni verði beinir þátttakendur í fjarkennslu og sérstaklega þarf að huga að því hvernig tryggja má nemendum í fjarnámi sambærilega menntun og aðrir nemendur njóta. Hér má horfa til uppbyggingar og mögulega til samstarfs við fjarnámsdeild Department of Museum Studies við University of Leicester.¹⁶ Miðað er við að fjarnám hefjist haustið 2008.

¹⁶ University of Leicester, Museum Studies by Distance learning: www.le.ac.uk/ms/study/studymSDL.htm

Lokaorð - Varðveisla og miðlun til framtíðar

Sá heildarskilningur og sú fræðilega færni sem safnafræðingar öðlast á starfsemi tengdri söfnun, varðveislu og nýtingu á náttúru- og menningararfinum gerir þá vel í stakk búna til að starfa jafnt innan sem utan safnageirans við störf sem tengjast menningararfinum og miðlun hans. Sem dæmi um mögulegan starfsvettvang eru stjórnunarstörf við hvers kyns opinberar stofnanir og fyrirtæki sem koma að söfnun, varðveislu, rannsóknum, kennslu og miðlun menningararfs þar sem sérmenntun viðkomandi nýtist í starfi. Einnig má nefna verkefnastjórnun á sviði mennta- og menningarmála auk starfa sem tengjast menningartengdri ferðaþjónustu.

Á síðustu árum hefur áhugi á miðlun menningar- og náttúru- og tækniarfi okkar Íslendinga og árangur á því sviði farið vaxandi og víða um land hafa sprottið upp setur og sýningar, oftar en ekki í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu. Mikilvægt er að hlúa að slíkri starfsemi og virkja þann kraft og þær hugsjónir sem oft á tíðum einkenna slíkt framtak. Viðurkennt er að menntun er mikilvægur þáttur í nýsköpun.¹⁷ Ef takast á að varðveita og miðla íslenskum menningar- og náttúruarfi á markvissan og faglegan hátt, hlúa að þeim möguleikum sem söfn og setur hafa á sviði atvinnu- og þekkingarsköpunar og um leið að efla hæfni íslenskra safnmanna til að taka þátt í samstarfsverkefnum jafnt innan lands sem utan, þá þarf að koma á fót sérhæfðri menntun á sviði safnastarfs.

Í nútímasamfélagi skipar meðferð menningar- og náttúruarfsins, hvort sem hún fer fram á söfnum, setrum, með sýningum eða á annan hátt, mikilvægan sess. Samfara því sem okkar þjóðlegi minjaarfur er varinn skemmdum, aukinn á honum skilningur með rannsóknum og nýjustu miðlunartækni beitt til að tryggja að honum aðgang með miðlun, eru mikil verðmæti sköpuð samfélaginu til handa. Metnaðarfullt safnastarf, auk frjós rannsóknarstarfs og árangursríkrar stefnumótunar á því sviði, getur aukið lífsgæði og þroska einstaklinga samfélagsins og skapað þeim tækifæri til sjálfsnáms, sjálfsþekkingar og aukins skilnings á því samfélagi sem þeir lifa í. Þessir þættir eru mikilvægir burðarliðir sjálfsmyndar og samkenndar íslensku þjóðarinnar, en samlegðaráhrif þeirra gegna mikilvægu hlutverki í að skapa samfélag sem þekkir fortíð sína og gengur öruggum skrefum fram á veginn.

Þegar horft er til framtíðar og þeirrar sjálfsmyndar sem íslenska þjóðin mun ala með sér er ljóst að mikilvægt er að huga í tíma að þeirri dýrmætu fjárfestingu sem felst í aukinni menntun með uppbyggingu mannauðsins, aukinni þekkingu og faglegri aðferðum.¹⁸

¹⁷ Menntamálaráðuneytið. (2006). *Hvar standa Íslendingar í nýsköpun*. Vefrit menntamálaráðuneytisins 13. tbl. (Ritstj.) Steinunn Jónasdóttir: www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/vefrit/nr/3548

¹⁸ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. (2005): *Mynd á þili - opnun sýningar í Þjóðminjasafni* 8. júní 2005: www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/nr/3194

Fylgiskjal 1. Afrit af bréfum Ólafs Þ. Harðarsonar, deildarforseta félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til framkvæmdastjóra Safnaráðs, dags. 20. febrúar 2006 og 12. apríl 2006.



Rakel Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Reykjavík 20. febrúar 2006

Efni: Erindi um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands

Í framhaldi af samtali okkar nýverið legg ég til að settur verði á stofn starfshópur til þess að vinna að hugsanlegri samvinnu félagsvísindadeildar og Safnaráðs um uppbyggingu meistaranáms í Safnafræði.

Afhálfu deildar yrðu ásamt undirrituðum Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði og Guðný Gerður Guðmundsdóttir, borgarminjavörður.

Virðingarfyllt

Ólafur Þ. Harðarson,
deildarforseti



Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs Íslands
Laufásvegi 12
101 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2006

Í framhaldi af fundi okkar í gær leggjum við til að haldinn verði fundur fulltrúa félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og fulltrúa Safnaráðs og meginsafna. Á fundinum verði rætt frekar um uppbyggingu náms í safnafræði við Háskóla Íslands. Sérstaklega verði hugað að fyrirkomulagi slíks náms í nágrannalöndunum og hvaða áherslur safnamenn telja rétt að hafa við uppbyggingu safnafræðináms hér. Þá verði rætt hvort meginsöfnin geti með einhverjum hætti komið að skipulagi og/eða fjármögnun náms í safnafræði við Háskóla Íslands.

Okkur þætti vænt um ef þú gætir boðað fulltrúa meginsafna á fundinn. Hann mætti t.d. halda í Odda fimmtudaginn 11. maí kl. 16 ef það hentar.

Með bestu kveðjum,

Ólafur P. Harðarson,
forseti félagsvísindadeildar

Fylgiskjal 2. Áætluð lágmarks kennsluþörf í safnafræðideild á árunum 2007-2010

Tafla I Áætluð lágmarks kennsluþörf í safnafræðideild á árunum 2007-2010

Vor 2007								
Haust 2007	15 e. nsk					10 e. nsk	5 e. nsk	
Vor 2008	15 e. nsk 5 e. rann 5 e. val					5 e. nsk Rannsókn	10 e. nsk	5 e. val
Haust 2008	10 e. stn 15 e. stn 5 e. val	15 e. nsk				10 e. nsk Starfsnám	5 e. nsk	5 e. val
Vor 2009	15 e. ritgerð	15 e. nsk 5 e. rann 5 e. val				5 e. nsk Rannsókn Ritgerðir	10 e. nsk	5 e. val
Haust 2009		10 e. stn 15 e. stn 5 e. val	15 e. nsk			10 e. nsk 10/15 e. Stn	5 e. nsk	5 e. val
Vor 2010		15 e. ritgerð	15 e. nsk 5 e. rann 5 e. val			5 e. nsk Rannsókn Ritgerðir	10 e. nsk	5 e. val
Haust 2010			10 e. stn 15 e. stn 5 e. val	15 e. nsk		10 e. nsk Starfsnám	5 e. nsk	5 e. val

Skýring á skammstöfunum: Nsk = námskeið; ranns = einstaklings eða hópverkefni; stn = starfsnám

¹ **NÁMSSKIPULAG** meistaranáms í safnafræði spannar 4 annir, 60 einingar og er skipting námskeiða milli anna eftirfarandi:

Önn I: 15 e. skyldunámskeið

Önn II: 5 e. námskeið (bundið val milli 3ja mismunandi námskeiða)

5 e. einstaklings- eða hópverkefni (skylda)

5 e. valnámskeið sem til eru hjá öðrum deildum HÍ eða öðrum háskólum.

Önn III: 10 e starfsnám og 5 e. valnámskeið eða 15 e starfsnám

Önn IV: 15 e meistararitgerð

Í líkaninu er gert ráð fyrir að allir nemendur stundi fullt nám og ljúki því á 2 árum.

² **STARFSSKYLDUR LEKTORS** við Háskóla Íslands felur í sér kennslu á þremur til fjórum 5 eininga námskeiðum á ári, auk stjórnunarskyldu og rannsóknarskyldu.

³ **STUNDAKENNARAR** munu þurfa að koma að kennslu safnafræðinnar. Annars vegar er umfang námsins meira en sem nemur starfsskyldum lektors, hins vegar hefur enginn einn maður yfirsýn yfir öll sérfræðisvið fræðigreinarinnar. Til dæmis er líklegt að lektorinn hafi mesta fagþekkingu á einni af þremur gerðum safna, listasöfnum, menningaminjasöfnum eða náttúruminjasöfnum.

⁴ VALNÁMSKEIÐ

5 e. *sérhæfingarnámskeið* í bundnu vali. Nemendur velja á milli námskeiða sem fjalla um ákveðið svið. Í byrjun verður boðið upp á 3 námskeið, eitt á sviði lista, annað á sviði náttúruvísinda og hið þriðja tengt sérmálefnum minjasafna. Vonir eru bundnar við að hægt verði, í samráði við aðrar skólar og háskóla, að fjölga slíkum námskeiðum þegar fram líða stundir. Miðað er við að meistaranemendur annarra skóla HÍ svo og annarra háskóla geti tekið þessi námskeið sem hluta af vali. Þessi þrjú námskeið eru að höfðu samráði við umsjónarmenn annarra námskeiða, opin öllum meistaranemum við HÍ og meistaranemendum annarra háskóla.

5 e. *valnámskeið* á meistarastigi í öðru námi innan HÍ eða við aðra háskóla, valin í samráði við kennara. Hér má nýta ýmis námskeið sem kennd eru innan deilda Háskóla Íslands og við aðra háskóla.

Fylgiskjal 3. Hugmynd starfshóps að skipulagi safnafræðináms á meistarastigi

Meistaránám við Háskóla Íslands er 60 einingar eða 2 vetur miðað við fullt nám. Starfshópur félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um uppbyggingu safnafræðináms leggur til að námið verði skipulagt á eftirfarandi hátt:

1. Önn

15 e. *skyldunámskeið* sem öll eru lesin á fyrstu önn. Þessum grunnnámskeiðum, sem fjalla um söfn og menningararfinn frá ýmsum sjónarhornum, þarf að vera að fullu lokið áður en hægt er að halda áfram í náminu.

2. Önn

5 e. *Einstaklings- eða hópverkefni* sem byggt er á námskeiðunum á 1. önn.

5 e. *Sérhæfingarnámskeið* í bundnu vali. Nemendur velja á milli námskeiða sem fjalla um ákveðið svið. Í byrjun verður boðið upp á 3 námskeið, eitt á sviði lista, annað á sviði náttúruvísinda og hið þriðja tengt sér málefnum minjasafna. Vonir eru bundnar við að hægt verði, í samráði við aðrar skorir og háskóla, að fjölga slíkum námskeiðum þegar fram líða stundir. Miðað er við að meistaranemendur annarra skora HÍ svo og annarra háskóla geti tekið þessi námskeið sem hluta af vali.

5 e. *valnámskeið*, valið í samráði við kennara.

Nemandi velur námskeið á meistarastigi úr öðrum deildum Háskóla Íslands eða hjá öðrum háskólum, sem gerðir hafa verið samstarfssamningar við. Möguleiki væri á að nýta fjölmörg námskeið sem tengjast málefnum safna, til að mynda námskeið tengd miðlun við Háskóla Íslands, námskeið tengd safnfræðslu við Kennaraháskólann, námskeið tengd markaðssetningu við viðskiptafræðideild HÍ og/eða við aðra háskóla (Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst), námskeið tengd listfræðum við hugvísindadeild HÍ eða Listaháskóla Íslands og fl.

3. Önn

15 e. *Rannsóknarverkefni/starfsnám á safni/stofnun* er valið í samráði við kennara.

Tilgangur starfsnámsins er að nemendur fái, í samvinnu við söfn, innan lands eða utan, tækifæri til að kynnast safnastarfi í návígi og um leið að nýta þá þekkingu sem nemandinn hefur aflað sér. Hér fær áhugi og bakgrunnur nemandans að stýra því hverskonar safn verður fyrir valinu. Gert verði ráð fyrir að um verði að ræða ákveðið verkefni sem nemandi verður falið og hann ljúki á starfsnámstímanum. Nemandinn mun í samráði við umsjónarmann safnafræðinámsins og tengilið á viðkomandi safni/stofnun ákvarða verkefni sem miðast að hagnýtingu kenninga/strauma/stefna í safnafræði. Unnið er eftir ákveðinni markmiðslýsingu og skilar nemandinn rannsóknarskýrslu með dagbók að starfsnámi loknu.

Auk ávinnings nemandi mun safnastarf á Íslandi hagnast á rannsóknarverkefnum af þessu tagi, sem auka munu skilning á starfsemi, skýra markmið og efla þekkingu á viðfangsefnum safna.

Eða:

5 e. *valnámskeið* (sjá 2 önn) og

10 e. *Rannsóknarverkefni á safni/stofnun*

4. Önn

15 e. Rannsóknaritgerð miðar að því að um leið og nemandinn dýpkar þekkingu sína á ákveðnu sviði safnafræðinnar þá fái hann þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Ritgerðin er unnin eftir reglum Háskóla Íslands um meistararitgerð.



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 135/2086

komudagur 9.4.2008

Selfossi, 7. apríl 2008

0710005SA ÞH

Nefndavið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga var tekið fyrir erindi frá Menntamálanefnd Alþingis, dags. 26. mars 2008, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.


Stjórnin samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar.

Á sama fundi var samþykkt eftirfarandi ályktun um stöðu minjavarðar á Suðurlandi:

Stjórn SASS hvetur menntamálaráðherra til að beita sér fyrir að komið verði á fót stöðu minjavarðar Suðurlands eins og lög heimila og bendir á að Suðurland er eini landshlutinn þar sem minjavörður hefur ekki aðsetur. Stjórnin ítrekar þá afstöðu samtakanna að minjavörður Suðurlands fái aðsetur á Skógum í Rangárþingi eystra, sem er einnig í samræmi við stefnumótun í Vaxtarsamningi Suðurlands. Minnt er á að þessi tillaga er í samræmi við stefnu og ítrekaðar óskir Fornleifaverndar ríkisins.

Umsögninni og ályktuninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1935
komudagur 3/3.2008

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2008


Tilvísun: UST20080300040/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu á Skógum

Vísað er í bréf frá Menntamálanefnd Alþingis, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um að fela menntamálaráðherra að hlutast til um að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu á Skógum undir Eyjafjöllum, 220. mál.

Umhverfisstofnun telur framangreinda tillögu um stofnun prófessorsembættis og staðsetningu þess ekki varða verksvið eða hlutverk stofnunarinnar beint og gerir því ekki athugasemdir við tillöguna. Stofnunin vill hins vegar benda á að í mörgum tilfellum fer saman verndun menningarminja og náttúruminja og að samkvæmt lögum um náttúruvernd ber m.a. að vernda það sem er sérstætt eða sögulegt í náttúru Íslands og auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að góð þekking um menningarminjar sé til staðar í öllum landshlutum.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Trausti Baldursson

Alþingi
Erindi nr. P 135/1858
komudagur 14.3.2008

Til Alþingis,

Í bréfi dags. 4. mars sl. var óskað umsagnar þjóðminjavarðar um tillögu til þingsályktunar um stofnun prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.

Undanfarin ár hefur verið rætt um mikilvægi þess að boðið verði upp á vandað nám í safnafræðum við Háskóla Íslands og/ eða í samstarfi við aðra háskóla á landinu. Slíkt er afar mikilvæg forsenda þessa að efla megi faglegt safnastarf á Íslandi, sem er forsenda þess að í framtíðinni dafni á landsbyggðinni vönduð ferðaþjónusta, á grunni faglegs safnastarfs og menningarstarfsemi almennt. Áform um stofnun prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða félli undir slík áform.

Undirrituð styður hugmyndir að eflingu menntunar á sviði safnafræða við Háskóla Íslandi og að boðið verði upp á fjölþætt nám í safnafræði þar.

Ekki er tekin afstaða til hugmynda um að tengja stofnun prófessorsembættis við ákveðið safn.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður